



## Sjálfsmatsskýrsla Tjarnarskóla

2023 – 2024



Júní 2024

## Efnisyfirlit

Efnisyfirlit .....	2
Sjálfsmatsskýrsla Tjarnarskóla 2023-2024 .....	3
Skólaþróun og sjálfsmatsaðferðir Tjarnarskóla .....	4
Innra mat á árangri og gæðum .....	4
Innra mat/sjálfsmat í Tjarnarskóla frá árinu 2008 .....	4
Fyrsti fimm ára sjálfsmatsramminn 2008 - 2013 .....	4
Þriðji fimm ára ramminn á skólaárunum 2018 – 2023 (2024) .....	5
Umbótaáætlun 2023 – 2024 .....	6
1. Hvað einkennir viðmót og menningu Tjarnarskóla? .....	7
2. Hversu vel nýtum við nærumhverfi skólans og önnur tækifæri sem bjóðast – til þess að krydda skólastarfið? .....	13
Heimsóknir, viðburðir, nágrennið, menningin .....	13
3. Tjarnarhringurinn – gengið fjórum sinnum í viku í kringum Tjörnina .....	17
Aðrar tiltækar viðhorfskannanir og mat .....	20
Samantekt /umræða .....	22
Að lokum .....	23
Framtíðarsýn .....	24

## Sjálfsmatsskýrsla Tjarnarskóla 2023-2024

Tjarnarskóli var stofnaður 1985 og er til húsa í hjarta Reykjavíkur, að Lækjargötu 14b, 101 Reykjavík. Í skólanum eru nemendur í 8., 9. og 10. bekk, einn bekkur í hverjum árgangi. Við höfum stundað sjálfsmat frá skólaárinu 2008. Vinnubrögð sem tengjast sjálfsmati hafa án efa styrkt skólstarfið. Með markvissum mælingum og sjálfskoðun í skólstarfinu höfum við gjarnan fengið staðfestingu á að skólstarfið okkar er öflugt.

Í Tjarnarskóla er mikil áhersla lögð á hvetjandi námsumhverfi og mannrækt. Við viljum hvetja og styrkja nemendur okkar á uppbyggilegan hátt og stuðla að vellíðan þeirra í leik og starfi. Við byggjum á styrkleika hvers og eins og viljum mæta einstaklingnum þar sem hann er staddur hverju sinni. Nemendur okkar læra öguð vinnubrögð, samvinnu og samábyrgð og áhersla er lögð á góða hegðun, kurteisi og tillitssemi. Áhersla er lögð á að nemendur fái leiðsögn til þess að verða færir um að taka góðar ákvarðanir. Gott samstarf, á milli allra þeirra sem koma að menntun og uppeldi nemenda okkar, er okkur mikilvægt. Mikil áhersla er lögð á gott upplýsingastreymi til foreldra og nemenda um sem flesta þá þætti er lúta að velferð nemenda og þátttöku í skólstarfinu. Skólstarfið er lifandi og tekur sífellt breytingum í takt við tímann. Starfsfólk skólans leggur sig fram um að huga jöfnum höndum að því að bæta skólstarfið með markvissum hætti. Sjálfsmat er ein leiðin til þess.

**Einkunnarorð okkar eru: „Allir eru einstakir“ og „Lítill skóli með stórt hjarta“.**



## Skólaþróun og sjálfsmatsaðferðir Tjarnarskóla

### Innra mat á árangri og gæðum

#### Innra mat/sjálfsmat í Tjarnarskóla frá árinu 2008

Kerfisbundið innra mat fer fram í skólanum. Við veljum matsþætti til þess að vinna með yfir veturinn, setjum okkur markmið og ákveðum leiðir. Í lok skólaársins skráum við hvernig til hefur tekist og gerum ýtarlega grein fyrir framvindunni í árlegri sjálfsmatsskýrslu.

Við erum alltaf að læra af reynslunni og viljum svo sannarlega vera í sífelldu umbótaferli í einu og öllu. Sjálfsmatið hefur styrkt okkur í sjálfsrýnni sem gefur alltaf tilefni til að bæta okkur enn frekar. Það hefur verið bæði ánægjulegt og mikilvægt að leggja mælistukur á skólastarfið. Matsaðferðir eru vel til þess fallnar að varpa ljósi á hvernig til tekst frá ári til árs og eru hvati til þess að setja okkur góð markmið.

#### Fyrsti fimm ára sjálfsmatsramminn 2008 - 2013

Við höfum stuðst við svo nefndan „fimm ára sjálfsmatsramma“ til þess að stýra forgangsröðun verkefnanna á ári hverju. Um er að ræða ramma sem er ætlað að tryggja að sem flestir þættir skólastarfsins verði undir smásjóni á tilteknu tímabili. Ramminn tiltekur 11 meginþætti viðfangsefna:

<b>Fimm ára sjálfsmatsrammi 2008 - 2013</b>	
Skólanámskrá – skipulag, stefna og markmið	Nám – námsmat - námsárangur
Líðan nemenda, þarfir, starfsandi, samstarf	Kennsla, starfsþróun og fagmennska
Líðan starfsfólks – starfsandi, samstarf	Stjórnun
Viðmót og menning skóla	Ytri tengsl – samfélag. Ráðstöfum auðlinda
Aðbúnaður	Samstarf heimila og skóla
Auk þess: Þróunarstarf, einstök verkefni	

Í upphafi formlegs sjálfsmats lögðum við kapp á að áætlanir okkar fyrstu fimm ár sjálfsmats næðu yfir öll þessi svið með einum eða öðrum hætti eins og sjá má í árlegum skýrslum. Þau svið sem voru í sjálfsmati fyrstu fimm árin voru lituð **blá**, í áföngum, en í ferlinu merktum við þau svið **græn** sem stóðu út af (ekki lokið). Við höfum haldið þessu vinnulagi síðan 2008. **Skólaárið 2023 – 2024 er 16. árið sem við höfum stundað formlegt sjálfsmat.**

### Priðji fimm ára ramminn á skólaárunum 2018 – 2023 (2024)

Á skólaárinu 2020 til 2021 settum við okkur áætlun eins og á fyrri árum. Af ýmsum ástæðum varð ekki af því að sjálfsmatsskýrsla var gerð með hefðbundnu hætti og ljúkum við því fimm ára rammaáætlun einu ári seinna en áætlað var, eða á skólaárinu sem var að ljúka.

Eins og fram hefur komið höfum haft þann háttinn á að lita þá reiti bláa, á fimm ára áætluninni, sem við höfum lokið, en græna þá sem út af standa. Viðfangsefnin skarast reyndar stundum.

Sjálfsmatsramminn leit þannig út í lok skólaársins 2022 – 2023 bláum þáttum lokið – grænir þeir sem stóðu út af.	
Skólanámskrá – skipulag, stefna og markmið	Nám – námsmat – námsárangur
Líðan nemenda, þarfir, starfsandi, samstarf	Kennsla, starfsþróun og fagmennska
Líðan starfsfólks – starfsandi, samstarf	Stjórnun
Viðmót og menning skóla	Ytri tengsl – samfélag.
Aðbúnaður	Samstarf heimila og skóla
Próunarstarf, einstök verkefni	

Í þessari skýrslu gerum við m.a. grein fyrir mati á síðustu tveimur þáttunum, sjá umbótaáætlun á næstu síðu.

## Umbótaáætlun 2023 – 2024

Matsspurningar	Hvaða upplýsingar þarf til að svara spurningunni?	Hvaðan og hvernig á að safna gögnum? (Heimild og aðferð)	Hvenær á að safna gögnum og hver ber ábyrgð á verkinu?	Hvenær eiga niðurstöður að liggja fyrir ?
1. Hvað einkennir viðmót og menningu Tjarnarskóla?	Við viljum tengja þetta viðfangsefni við 40 ára starfsafmæli skólans, skólaárið 2024-2025. Búum til spurningar til þess að leggja fyrir þá sem eru í skólasamfélaginu okkar.	Við leitum svara hjá nemendum og foreldrum um hvernig þeir lýsa skólanum. Fáni skólans og/eða skólasöngur/tákn skólans gætu orðið til. Hittum þau á fundi og/eða leggjum fyrir viðhorfskannanir.	Kennarahópurinn og skólastjóri.	Júní 2024
2. Hversu vel nýtum við nærumhverfi skólans og önnur tækifæri sem bjóðast til þess að krydda skólastarfið?	Við skráum allar ferðir og viðburði sem við tökum þátt í og söfnum þeim upplýsingum í skýrslu í lok skólaársins.	Hver kennari og/eða skólastjóri skrá inn á sameiginlegt skjal hvert hver bekkur/hópur fer út úr húsi, eða fær gesti í hús.	Kennarahópurinn og skólastjóri.	Júní 2024
3. Hvaða viðhorf hafa nemendur til daglegrar hreyfingar fjórum sinnum í viku – þegar þeir ganga Tjarnarhringinn? Er orðinn fastur liður í hreyfingu nemenda.	Við gerum tölulega úttekt á hversu langt er gengið í hverri viku og hversu langt hefur verið gengið þegar skólaárinu er lokið.	Við leggjum viðhorfskönnun fyrir nemendur í desember og maí.	Kennarahópurinn og skólastjóri.	Júní 2024
<b>Auk þess leggjum við gjarnan fyrir mat á einstökum verkefnum og þáttum í skólastarfinu, eftir því sem fram vindur í skólastarfinu:</b>				

Hér á eftir gerum við grein fyrir hverri matsspurningu fyrir sig og niðurstöðum.

## 1. Hvað einkennir viðmót og menningu Tjarnarskóla?

Matsspurningar	Hvaða upplýsingar þarf til að svara spurningunni?	Hvaðan og hvernig á að safna gögnum? (Heimild og aðferð)	Hvenær á að safna gögnum og hver ber ábyrgð á verkinu?	Hvenær eiga niðurstöður að liggja fyrir?
1. Hvað einkennir viðmót og menningu Tjarnarskóla?	Við viljum tengja þetta viðfangsefni við 40 ára starfsafmæli skólans, skólaárið 2024-2025. Búum til spurningar til þess að leggja fyrir þá sem eru í skólasamfélaginu okkar.	Við leitum svara hjá nemendum og foreldrum um hvernig þeir lýsa skólanum. Fáni skólans og/eða skólasöngur/tákn skólans gætu orðið til. Hittum þau á fundi og/eða leggjum fyrir viðhorfskannanir.	Kennarahópurinn og skólastjóri.	Júní 2024

Við höfum tvisvar áður lagt mat á þennan matsþátt og gert grein fyrir niðurstöðum í eldri sjálfsmatsskýrslum. Að þessu sinni ákváðum við að biðja foreldra og nemendur að skrifa stutta lýsingu á hvernig þeir lýsa skólanum. Skömmu fyrir skólalok báðum við báða hópana að taka þátt í viðhorfskönnun.

### Svörin gefa hlýju í hjarta:

Spurningin sem var lögð fyrir í foreldrakönnuninni:

**Í sjálfsmati þessa skólaárs er spurning sem er þannig: „Hvað einkennir viðmót og menningu Tjarnarskóla? Við viljum tengja þetta viðfangsefni 40 ára afmæli skólans, skólaárið 2024 - 2025. Við leitum svara hjá foreldrum og nemendum um hvernig þeir lýsa skólanum.“ Við biðjum þig að svara stuttlega hvernig þú vilt lýsa Tjarnarskóla.**

Fengum 33 svör.

Virðing fyrir ólíkum einstaklingum, hlýja og fjölskylda.

Tjarnarskóli býður upp á frábært umhverfi þar sem öll fá að njóta sín og gott aðhald í einstaklingsmiðuðu námi.

Metnaður og gæði.

Tjarnarskóli er einstaklega hlýlegur og heimilislegur. Hann styður vel við nemendur sína og lyftir öllum upp. Nemendur fá að njóta sín sama hvernig þeir eru.

Kærleiksríkur, umvefjandi, stuðningsríkur, skilningsríkur, faglegur.

Griðastaður jafnréttis og frelsis.

Viðmótið er hlýtt og persónulegt. Frábær skóli, hjá ykkur fá allir að blómstra og við foreldrarnir eru svo ánægð með starfsfólk skólans og hvernig er tekið á öllu strax.

Sveigjanleiki, jákvæðni, einstaklingsmiðað nám.

Persónulegur skóli með velferð nemenda að leiðarljósi.

Skóli þar sem öllum líður vel. Skóli þar sem allir eru þeir sjálfir.

Hlýr og vinalegur skóli í hjarta Reykjavíkur, þar sem hver nemandi fær að njóta sín. Vegna smæðar er hægt að bjóða upp á sveigjanleika í námi en þó ekki á kostnað þeirra krafa sem eru gerðar.

Umhyggja.

Fallegt viðmót og leit eftir að gera það besta fyrir nemendur.

Metnaðarfullur.

Notalegt og heimilislegt umhverfi, faglegt og hjálpsamt starfsfólk sem lætur sér annt um nemendur.

Fagmennska og lausnir einkenna viðmót starfsmanna og stjórnenda. Blíður agi!

Mér líður eins og ég sé kominn heim þó ég hafi aldrei verið nemandi í skólanum, mér finnst húsið andinn og fólkið umvefja mig með hlýju og væntumþykju. Nemandinn minn elskar skólann sinn, gengur mun betur námslega og félagslega og er sáttari við lífið.

Hlýlegt og lausnamiðað.

Fallegt samfélag.

Við eru ótrúlega glöð með Tjarnarskóla. Frábærir kennarar og starfsfólk, afslappað umhverfi sem hentar okkur. Sonur okkar hefur blómstrað.

Persónulegur og þægilegur.



Tjarnarskóli hugar sérstaklega vel að hverjum nemanda fyrir sig, fáir krakkar í bekk miðað við aðra skóla á Höfuðborgarsvæðinu, þannig að allir fá að blómstra. Kennararnir áhugasamir um vellíðan krakkana.

Vínalegur.

Lítill skóli með stórt hjarta. Einstaklingsmiðaðra og þéttara utanumhald en gerist annarsstaðar, sem skilar sér í hamingjusamari nemenda og miklar námslegar framfarir.

Lítill skóli með stórt hjarta.

Tjarnarskóli er lítill skóli með stórt hjarta. Þar er komið til móts við nemendur þar sem þeir eru staddir, áherslan er á vellíðan þeirra. Sem skilar sér svo margfalt til baka í líðan nemenda og þar af leiðandi í betri námsárangri.

Kærleikur, hlýja og vilji til árangurs er það sem kemur fyrst í huga minn þegar ég hugsa um Tjarnarskóla. Áhuga alls starfsfólksins á að láta nemendum líða vel fyrst og fremst og að ná árangri í náminu.

Tjarnarskóli er lítill stofnun sem felur í sér að þjónusta við nemendur er einstaklingsmiðuð, boðleiðir stuttar og skjót viðbrögð við erindum.

Umhyggjusemi.

Lítill skóli með stórt hjarta þar sem að starfsfólk og kennarar umvefja nemendur af virðingu og væntumþykju.

Samkennd. Lausnamiðuð.

Mjög opinn fyrir ólíkum nemendum með ólíkar þarfir.

Víðsýni, sveigjanleiki og hlýja.



**Nemendakönnunin:**

Næsta vetur á Tjarnarskóli 40 ára afmæli. Við leitum núna til bæði nemenda og foreldra. Við biðjum þig að svara stuttlega hvernig þú vilt lýsa Tjarnarskóla og hvað þér finnst um Tjarnarskóla.

36 svör

Góður skóli og finnr kennarar.

Mér finnst Tjarnarskóli æði.

Strangur einkaskóli.

Góður skóli.

Lítill skóli.

Mér finnst Tjarnarskóli ágætur skóli með skemmtilegu fólki.

Mér finnst Tjarnarskóli vera frábær. Það er vel passað upp á nemendur og oft gert fullt af skemmtilegum hlutum. Síðan er líka þægilegt að það séu svona fáir, því þá eru svo lítil vandamál.

Tjarnarskóli er skóli með góðri kennslu og þykir mikilvægt um hvern einasta ungling í skólanum.

Mér finnst það góður og þægilegur skóli.

Lítill, þægilegur, vinnufriður, frelsi, o.s.f. kannski hafa grill á hljómskálagarði eða eitthvað.

Tjarnarskóli er frábær skóli með góða kennara og mikið að gera.

Mér finnst Tjarnarskóli vera mjög heimilislegur skóli.

Mér finnst Tjarnarskóli vera mjög einstakur og skemmtilegur skóli sem maður getur treyst kennurum fyrir alls konar hlutum. Það er gott að læra og maður fær góðan vinnufrið og næði til að vinna. Góðir kennarar og nemendurnir skemmtilegir.

Hann er fínn.

Bara fínt.

Lítill skóli namm namm namm.

Mér finnst skólinn vera fínn, ég veit ekki hvað ég á að segja meira.

Hann er góður skóli.

Mér finnst Tjarnó vera besti skólinn sem ég hef gengið í. Ég eignaðist góða vini og mér líður vel.

Skólinn er voða áhugavert fyrirbæri.

Tjarnarskóli er lítill, notalegur og friðsamlegur. Þar er oftast góður vinnufriður.

Þetta er skemmtilegur og flottur skóli.

Síðan ég byrjaði í Tjarnarskóla hefur lífið mitt breyst mikið fyrir betra. Ég hef kynnst mikið af nýju vinnum og kennurum. Tjarnarskóli er oftast skemmtilegt og ég elska hversu lítil og kósí hann er. Líka gaman að fá að prófa að vera í skóla í miðbænum.

Enginn heimavinna. Ekki mikið af krökkum þannig að það er léttara að fá aðstoð. Mjög góð aðstoð sem að maður fær.

Mér finnst að þessi skóli er mjög góður fyrir ungmenni. Tjarnarskóli er góður skóli fyrir það að hafa góða kennara og hafa góða „stofu“ sem heitir Hólmi.

Þið getið haft hátíð.

Góður skóli.

Mér finnst Tjarnarskóli fínn.

Tjarnarskóli er fínn skóli fyrir fólk sem þarf meiri aðstoð

Góður stuðningur, sveigjanleiki.

Þessi skóli er ágætur, sumir kennarar eru stundum leiðinlegir, stundum eru þeir skemmtilegir en líka mjög unfair. T.d. sumir gefa bara verkefni eða láta okkur horfa á bíómynd og kenna okkur ekkert.

Tjarnarskóli er fínn skóli og það er vel haldið utan um mann. Einnig er mikill skilningur og mikið svigrúm eftir þörf.

Tjarnarskóli er góður skóli sérstakleg fyrir börn með erfileiga það er hjálpað þer og þú færð miklu betri einkunir.

Tjarnarskóli er finni skóli ef þú vilt vera með ekki mikið af fólki en kennsu aðfærinn er ekki góð við erum eins og róbotar og það vantar að gera eitthvað út úr boxið.

Tjarnarskóli er lítill skóli með fáum nemendum. Þar ríkir nánd og kærleikur þar sem alltaf er hlustað á þig og tekið mark á þér. Mér þykir mjög vænt um skólann og er svo glöð að hafa tekið þá ákvörðun að bætast í hóp Tjarnskælinga.

Tjarnarskóli hefur hjálpað mér mjög mikið með námið hef lært að skipuleggja mig betur og náð betri tókum á náminu

**Það er gott að hafa þessar línur í farteskinu inn í 40. skólaárið.**



## 2. Hversu vel nýtum við nærumhverfi skólans og önnur tækifæri sem bjóðast – til þess að krydda skólastarfið?

Matsspurningar	Hvaða upplýsingar þarf til að svara spurningunni?	Hvaðan og hvernig á að safna gögnum? (Heimild og aðferð)	Hvenær á að safna gögnum og hver ber ábyrgð á verkinu?	Hvenær eiga niðurstöður að liggja fyrir?
2. Hversu vel nýtum við nærumhverfi skólans og önnur tækifæri sem bjóðast til þess að krydda skólastarfið?	Við skráum allar ferðir og viðburði sem við tökum þátt í og söfnum þeim upplýsingum í skýrslu í lok skólaársins.	Hver kennari og/eða skólastjóri skrá inn á sameiginlegt skjal hvert hver bekkur/hópur fer út úr húsi, eða fær gesti í hús.	Kennarahópurinn og skólastjóri.	Júní 2024

Á skólaárinu sem var að líða skráðum við ferðir og viðburði inn í skjal sem var í sameiginlegu drifi kennara. Það var mjög ánægjulegt að fara yfir allar skráningarnar þegar skólastarfinu lauk. Um er að ræða 59 skráningar sem telst harla fínt í litlum skóla með einungis þrjá bekki 😊.

### Heimsóknir, viðburðir, nágrennið, menningin



Dags.	Kennari/kennarar	Staður, eða hver kom?	Viðfangsefni /erindi	8.	9.	10.
3. önn	Duna/Sigríður	Frumkvöðlafræðsla	Heimsóknir á vinnustaði, valnámskeið	x	x	
23.05	Kristín Inga	Háskólinn í Reykjavík	Stelpur og tækni (bara stelpur)		x	
23.05	Helga Júlía	Joe and the Juice	Partur af útskriftarfjöri			x
15.05	Helga Júlía/ Sigurborg	Útskriftarferð - Adrenalíngarðurinn	Útskriftarferð			x
14.05	Birna	Landnámssýningin	Fræðsla og heimsókn	x		
03.05	Helga Júlía	Borgarleikhúsið - allt sem er frábært	Sýning			x

03.05	Helga Júlía og Birna	Samfestingur	Ball	x	x	x
30.04	Kristín	Listasafn Reykjavíkur	Listasýning		x	
30.04	Birna	Sjóminjasafnið - varðskipið Óðinn	Skoðun og fræðsla	x		
19.04	Helga Júlía	Verk og vit Laugardalshöll	Kynning			x
17.04	Helga Júlía	Skólalæping	Samfélagsfræði - Stjórnmal kafli 10.			x
16.04	Kristín Inga	Ljósmyndasafn Reykjavíkur	Undiralda, ljósmyndasýninga		x	
10.04	Helga	Safnahúsið	Sýningin Viðnám			x
02.04	Birna	Safnahúsið	Leiðsögn um sýningu	x		
28.02	Helga Júlía	FÁ	Skólaheimsókn			x
14.03	Helga Júlía	Borgarholtsskóli	Skólaheimsókn			x
23.03	Allir	Keiluhöllin	Skemmtiferð	x	x	x
05.03	Kristín, Birna, Helga, Eva	Bío Paradís	Viktoría og ráðgátan	x	x	
14.03	Allir	Samfélagslöggurnar	Fræðsla	x	x	x
27.02	Birna	Ljósmyndasafnið	Safnaheimsókn			
14.02	Birna, KI, SPH	Sinfóníuhljómsveit Íslands	Fljúgðu, fljúgðu klæði	x	x	x
13.02	Helga Júlía	FG	Skólaheimsókn			x
12.02	Helga Júlía	MH	Skólaheimsókn			x
26.01	Birna	Sigurlaug hjá Landvernd	Kynning fyrir kennara	x		
27.01	Birna	Stíll	Keppni í hönnun	x	x	
24.01	Helga Júlía	FMOS	Skólaheimsókn			x
25.01	SPH og Heiða	Ellifaárstöð	Heimsókn og fræðsla			x
09.01	Allir	Gunnar Stefánsson	Kynning á verkefninu menntun í ferðatösku í Afríku	x	x	x

15. - 19.12	Allir	Nemendur fóru margir út úr húsi, tóku viðtöl, skoðuðu vættirnar, tóku myndir og fl.	Pemadagar	x	x	x
12.12 og 30.01	KI	Listasafn Íslands	Egill Sæbjörnsson og óendanlegir vinir alheimsins, leiðsögn		x	
12.12	BD	Safnahúsið	Kynning á safninu, hluti af 8.bekk	x		
08.12	SPH	Vísindasmiðjan	Kynning og verkefnavinna			x
06.12	HJ	Listasafn Íslands	Leiðsögn um sýningu óendanlegir vinir alheimsins			x
01.12	Allir	Skúli Geirdal	Samfélagsmiðlar - fyrirlestur			
30.11	Allir	Bíó Paradís	The Royal Tenenbaums	x	x	x
15.11	HJ	Ljósmyndasafnið	Leiðsögn um sýningu			x
01.11	HJ	Þorgrímur Þráinsson heimsækir 10. bekk	Verum ástfangin af lífinu			x
25.10	BA	Borgarleikhúsið	Leiklistarvalið			
18.10	HJ	Heimsókn í VR	Kynning um réttindi og skyldur á vinnumarkaði			x
17.10	KI	Þjóðminjasafnið	Sumardvalarstaðurinn Laugarvatn		x	
11.10	HJ	AFS, William sjálfboðaliði	Kynning um starfsemi AFS og hvað það er að vera skiptinemi.			x
17.10	BD,SP,KI,EV	Bíó Paradís	Bíómyndin Close; hollensk	x	x	x
13.10	BDB,SP	Norræna húsið, barnabókahátið	Hittum rithöfund, ritsmiðja	x		
09.10	Allir	Hugleiðsludagurinn	Hlustuðum og forum í hugleiðslu	x	x	x
05.10	Allir	Spennistöðin, fulltrúar komu í heimsókn	Fengum kynningu á félagsmiðstöðinni	x	x	x

04.10	HJ	Heimsókn frá Samtökunum '78	Fræðsla			x
03.10	KI	Ljósmyndasafn Reykjavíkur	Leiðsögn um sýningu (Hluti)		x	
28.09	KI,SP, HJ,BD,EV	Haustferð á Þingvöll og Akranes	Fræðsla á Þ. og hópefli á Ak. Hamborgarar	x	x	x
27.09	AKS	Ljósmyndasafnið	Ljósmyndavalið 10 nem í 8.og9.bekk			
26.09	MT, HJ, SP	Kolbrún Hrund	Fræðsla um netnotkun, stafrænt kynferðisofbeldi, varnir og viðbrögð við því.			x
26.09	BDB	Landnámssýningin	Leiðsögn um safnið	x		
20.09	HJ	Þjóðminjasafnið	Ljósmyndasýning, verkefni unnið út frá sýningunni			x
20.09	AKS	Gallerí Kofi	Ljósmyndavalið 10 nem í 8.og 9.bekk			
19.09	BDB	Ljósmyndasafnið og Borgarbókasafnið	Heimsókn með kennara	x		
13.09	HJ	Kjarvalsstaðir	Uppspretta, myndlistarsýning, fræðsla			
13.09	AKS	Harpan	Ljósmyndavalið 10 nem í 8.og9.bekk			
15.09	KI,SP, HJ,BD,EV	Norræna húsið; Lýðræðishátíð unga fólksins	Smiðjur, fyrirlestrar og umræður um lýðræði	x	x	x
09.11	KI	Safnahúsið, Hverfisgötu	Myndlæsi		x	
31.08	Allir	Úlfarsfell	Gengið á fjall og veitingar í boði í lokin	x	x	x

Þessar niðurstöður komu okkur ánægjulega á óvart og sýna svart á hvítu hvað nemendur hafa fengið mörg tækifæri til að víkka sjóndeildarhringinn og haft gaman – saman.



### 3. Tjarnarhringurinn – gengið fjórum sinnum í viku í kringum Tjörnina.

Hvaða viðhorf hafa nemendur til daglegrar hreyfingar fjórum sinnum í viku þegar þeir ganga Tjarnarhringinn? Hreyfing af þessu tagi er orðin fastur liður á stundaskránni.

Matsspurningar	Hvaða upplýsingar þarf til að svara spurningunni?	Hvaðan og hvernig á að safna gögnum? (Heimild og aðferð)	Hvenær á að safna gögnum og hver ber ábyrgð á verkinu?	Hvenær eiga niðurstöður að liggja fyrir?
3. Hvaða viðhorf hafa nemendur til daglegrar hreyfingar fjórum sinnum í viku – þegar þeir ganga Tjarnarhringinn? Er orðinn fastur liður í hreyfingu nemenda.	Við gerum tölulega úttekt á hversu langt er gengið í hverri viku og hversu langt hefur verið gengið þegar skólaárinu er lokið.	Við leggjum viðhorfsskönnun fyrir nemendur í desember og maí.	Kennarahópurinn og skólastjóri.	Júní 2024

Síðast liðin tvö skólaár höfum við þróað skipulag sem byggir á því að auka daglega hreyfingu nemenda í skólanum. Á skólaárinu 2022-2023 hófum við þessa vegferð en tókum eftir að sumir nemendur reyndu að koma sér undan að taka þátt. Í vetur breyttum við áherslu með því að láta göngu fjóra daga í viku samsvara einum íþróttatíma sem reyndist góð ákvörðun. Nemendur fara í skó og úlpur á miðjum morgni, ganga hringinn og fá þessa hreyfingu metna sem íþróttaiðkun og virkni var skráð líkt og í kennslustund.

Í byrjun skólaársins 2023 – 2024 ákváðum við að hafa ofangreinda matsspurningu í sjálfsmatinu okkar til þess að sjá hvað nemendum finnst um daglegu hreyfingu af þessu tagi og skoða einnig hvort viðhorfið hafi breyst frá áramótum til maí. Við mældum því viðhorfið í tveimur viðhorfsskönnunum; í byrjun janúar og í lok maí.

Í sömu viðhorfsskönnun að vori höfðum við könnun tvíþætta í 10. bekk. Annars vegar um Tjarnarhringinn og hins vegar um viðmót og menningu Tjarnarskóla sem við segjum frá í umfjöllun um 2. sjálfsmatsspurningu hér að ofan. Í könnun meðal 8. og 9. bekinga spurðum við einnig um viðhorf til hugsanlegra breytinga á byrjun skóladags og símafriðs á næsta skólaári. Vorkönnunin var því fjórþætt hjá þeim. Svör 10. bekinga koma fram í sérdálki vegna þessa og síðan reiknað meðaltal allra í maikönnun.

Í töflunni hér að neðan birtast svör nemenda:

**1. Hvað finnst þér um að hafa íþróttatímamann í fjórum hlutum (mán., þri., mið., fim.) ?**

	Allir bekkir	8. og 9. b.	10. b.	8.,9.,10. meðalt. maí
	janúar	maí	maí	maí
	%	%	%	%
Mér finnst það fínt	52	79	33	56
Mér finnst það oftast fínt	13	7	13	10
Mér finnst það allt í lagi	33	10	47	29
Mér finnst það ekki gott	2	3	13	8

**2. Vildir þú heldur hafa heilan íþróttatíma (göngu í 40 mín.), einu sinni í viku?**

	Allir bekkir	8. og 9. b.	10. b.	8.,9.,10. meðalt. maí
	janúar	maí	maí	maí
	%	%	%	%
Já	13	21	13	17
Nei	88	79	87	83

**3. Hefur þú gengið á föstudögum þótt þú eigir ekki að gera það?**

	Allir bekkir	8. og 9. b.	10. b.	8.,9.,10. meðalt. maí
	janúar	maí	maí	maí
	%	%	%	%
Já, oftast	6	3	0	2
Já, stundum	50	66	40	53
Nei, hef aldrei farið	44	31	60	46



4. Heldur þú að Tjarnarhringurinn hressi þig þannig að þú eigir betra með að læra eftir hreyfinguna og útiveruna?				
	Allir bekkir	8. og 9. b.	10. b.	8.,9.,10. meðalt. maí
	janúar	maí	maí	maí
	%	%	%	%
Já,	44	79	47	63
Nei	15	3	27	15
Er ekki viss	42	17	27	22

  

5. Notar þú tækifærið og spjallar við einhvern/einhverja í göngunni?				
	Allir bekkir	8. og 9. b.	10. b.	8.,9.,10. meðalt. maí
	janúar	maí	maí	maí
	%	%	%	%
Alltaf	44	45	40	42
Oftast	38	38	20	29
Stundum	13	14	33	24
Aldrei	6	3	7	5

  

6. Er auðveldra fyrir þig að ganga núna, heldur en í byrjun skólaársins?				
	Allir bekkir	8. og 9. b.	10. b.	8.,9.,10. meðalt. maí
	janúar	maí	maí	maí
	%	%	%	%
Já	25	45	20	32
Nei	33	14	33	24
Veit ekki	42	41	47	44

  

7. Heldur þú að hreyfing og útivera sé góð fyrir þig, á skólatíma?				
	Allir bekkir	8. og 9. b.	10. b.	8.,9.,10. meðalt. maí
	janúar	maí	maí	maí
	%	%	%	%
Já	92	93	87	90
Nei	8	7	13	10

Eins og sjá má er ánægja 8. og 9. bekkinga mikil með fyrirkomulagið eða „fínt“ í 79% svara í maí. Svör 10. bekkinga skera sig úr, eru neikvæðari gagnvart fyrirkomulaginu, sem kom okkur ekki á óvart. Við fundum fyrir neikvæðari stemningu í þeim bekk, voru oft tregari í taumi.

Þeir sem svöruðu að hafa „stundum“ gengið einnig á föstudögum voru að meðaltali 53% sem okkur finnst ánægjulegt.

Í maí sögðust fleiri (63%) hafa haft gott af hreyfingunni og að hreyfingin hafi haft jákvæð áhrif á námið, en var (44%) í janúar. Ekki er ólíklegt að veðurfar geti hafa haft áhrif.

Ánægjulegt er að sjá að flestir nemendur nota gjarnan tækifæri til að spjalla í göngunni.

Fleiri nemendur sögðust eiga auðveldara með að ganga hringinn í maí 32% í stað 25% í janúar en margir, 44%, svara þó „veit ekki“.

Langflestir eru þeirrar skoðunar að hreyfing og útivera á skólatíma séu af hinu góða, eða um 90% í báðum könnunum.

Þegar á heildina er litið styðja niðurstöður að nemendur séu almennt sáttir við þetta fyrirkomulag þó að sumir séu tregari í taumi, sem löngum fyrr. Við ætlum því að halda áfram að hafa Tjarnarhringinn á stundatöflum næsta skólaárs.

Til gamans má geta þess að útreikningar sýna að ef nemandi hefur gengið flesta skóladaga (x4 í viku) á skólaárinu jafngildi það vegalengdinni frá Tjarnarskóla til Hveragerðis 😊.

## Aðrar tiltækar viðhorfskannanir og mat

1. Á vormisseri vann Vísar rannsóknir ehf foreldrakönnun fyrir Skóla- og frístundasvið. Hér er hlekkur á helstu niðurstöður könnunarinnar sem voru afar ánægjulegar fyrir skólasamfélagið okkar.

[Hlekkur:](#)

[Niðurstöður foreldrakönnunar Skóla- og frístundasviðs meðal foreldra Tjarnarskóla](#)

## 2. Í maí höfðum við „opinn fund“ skólaráðs:

3.

**Kæru foreldrar/forráðamenn**  
**Við viljum endilega hitta ykkur á opnum fundi skólaráðs**  
**fimmtudaginn 16. maí kl. 19.30 - 21.00**  
**í Tjarnarskóla**

Gestir fundarins:

Skúli Bragi Geirdal, verkefnastjóri miðlalæsis hjá Fjölmíðlanefnd, fræðir okkur um ýmislegt sem leitar til nemenda og okkar fullorðinna í gegnum netið. Sjá m.a. <https://www.visir.is/t/3423>)

Kristín Ólöf Grétarsdóttir, áhugamaður um símafrí í skólum. Hún hefur safnað upplýsingum frá skólum sem hafa stigið skrefið að hafa símafrí í í skólum og/eða farið leiðir sem hafa gefist vel.

Auk þess viljum við ræða:

- Mögulega seinkun skóladags næsta vetur, kosti og galla.
- Hvað einkennir Tjarnarskólataktinn?
- Kynna nýja heimsíðu skólans, Húrra!

Hlökkum til að hitta ykkur!

 Seen

Í kjölfar fundar báðum við foreldra og einnig nemendur um að taka afstöðu til símafríðs á komandi skólaári og seinkunar skóladags.

Niðurstöður urðu að mikill meirihluti foreldra studdu símafríð – eða ríflega 80%. Fyrirhugað er að stíga það skref að nemendur afhendi símana sína í byrjun skóladags og fái til baka þegar þeir fara heim. Nemendur vilja helst hafa óbreyttar reglur sem í stórum dráttum felast í því að í byrjun hvekkur kennslustundar setja nemendur símana í vasa í veggteppi sem eru í hverri stofu.

Varðandi seinkun skóladagsins urðu niðurstöður þær að halda áfram að byrja 8.30 en við bíðum spennt eftir að sjá hvaða áhrif skref Reykjavíkurborgar að seinka byrjun skóladags í unglingsáldum koma til með að verða. Fyrir því eru gildar ástæður. Miklu ræður sú staðreynd að okkar nemendur búa dreift og flestir þurfa að taka strætó eða fá far með foreldrum. Þeir lenda því tvisvar á dag í umferðinni sem er alltaf að þyngjast. Þeir nemendur sem stunda ýmsa frístundaiðju eftir skóla geta því lent í tímaþröng. Við höldum þó áfram að vera á vaktinni hvað þetta varðar og taka málið aftur upp í skólaráði og í samráði við foreldra og nemendur.

## Samantekt /umræða

Sjálfsmatsramminn lítur þannig út í lok skólaársins 2023 – 2024. Bláum þáttum lokið – engir grænir standa lengur út af.	
Skólanámskrá – skipulag, stefna og markmið	Nám – námsmat – námsárangur
Líðan nemenda, þarfir, starfsandi, samstarf	Kennsla, starfsþróun og fagmennska
Líðan starfsfólks – starfsandi, samstarf	Stjórnun
Viðmót og menning skóla	Ytri tengsl – samfélag.
Aðbúnaður	Samstarf heimila og skóla
Próunarstarf, einstök verkefni	

### Í umbótaáætlun skólaársins 2023- 2024 voru 3 verkefni á listanum:

1. Hvað einkennir viðmót og menningu Tjarnarskóla?

Niðurstöður spurningakönnunar voru afar hlýlegar og notalegar og eru gott veganesti inn í 40. skólaárið okkar á næsta skólaári, 2024 – 2025.

2. Hversu vel nýtum við nærumhverfi skólans og önnur tækifæri sem bjóðast til þess að krydda skólalastarfið?

Við skráðum heimsóknir á viðburði, söfn, nýtingu grenndarsamfélagsins, gestakomur og margt fleira. Alls voru skráð 59 atriði sem í okkar augum er talsvert meira en við höfðum gert okkur grein fyrir. Erum stolt af þessum lista.

3. Hvaða viðhorf hafa nemendur til daglegrar hreyfingar fjórum sinnum í viku – þegar þeir ganga Tjarnarhringinn? Er orðinn fastur liður í hreyfingu nemenda.

Við lögðum tvær viðhorfskannanir fyrr nemendur, í janúar og maí til þess að sjá hvaða skoðun þeir höfðu á því að breyta einum íþróttatíma á viku í göngu 4 sinnum í viku í kringum Tjörnina. Niðurstöður verða til þess að við höldum áfram að ganga og ganga Tjarnarhringinn á komandi skólaári.

**Auk þess gerum við grein fyrir:**

- **Viðhorfskönnun meðal foreldra** sem var unnin fyrir Skóla- og frístundasvið 2024.
- Hér samantekt á niðurstöðum: **Hlekkur**
- Einnig lögðum við fyrir kannanir meðal foreldra og nemenda um **tímasetningu á byrjun skóladags næsta vetur.**
- Í könnun óskuðum við eftir fá **viðhorf foreldra og nemenda til þess að taka upp símafrið** næsta vetur.

Viðhorfskannanir og fundahöld hafa stutt okkur í ákvarðanatöku og um leið hefur skapast vettvangur fyrir foreldra og nemendur að koma skoðunum sínum á framfæri sem er um leið lýðræðisleg þátttaka. Því fögnum við.

---

## Að lokum

Við erum ávallt stolt af skólastarfinu okkar. Við erum alltaf að læra af reynslunni og viljum svo sannarlega vera í sífelldu umbótaferli í einu og öllu. Sjálfsmatið frá árinu 2008 hefur styrkt okkur í sjálfsrýninni sem gefur alltaf tilefni til að bæta okkur enn frekar. Það hefur verið bæði ánægjulegt og mikilvægt að leggja enn og aftur mælistiku á skólastarfið. Matsaðferðir eru vel til þess fallnar að varpa ljósi á hvernig til tekist frá ári til árs og eru hvati til þess að setja okkur góð markmið.

Það er ánægjulegt að vinna saman að því að gera gott skólastarf enn betra og horfa fram á við með það markmið að leiðarljósi að nemendum og starfsfólki líði vel í skólanum og að við náum sem bestum árangri, saman. Markviss vinnubrögð og samvinna starfsmanna er lykilatriðið í sjálfsmatsvinnunni.

Aðkoma nemenda og foreldra í sjálfsmati og skoðanakönnunum hefur verið ánægjuleg því skólastarf byggir ávallt á samtali og samvinnu í öllu skólasamfélaginu okkar.

---

## Framtíðarsýn

Skólastarfið í Tjarnarskóla er afar gefandi. Á hverjum vetri kynnumst við nýjum nemendum og ný viðfangsefni færa okkur reynslu og viljann til að gera enn betur. Það er lykillinn að því að þróa skólastarfið bæði í takt við tímann er einnig í samræmi við forsendur hvers og eins nemanda. Okkur hefur þótt bæði lærdómsríkt og mikilvægt að vinna að sjálfsmati frá ólíkum hliðum. Það gefur okkur tilefni til að gleðjast yfir framförum og staðfestingu á því hvað gengur vel en fá einnig áskoranir í þá veru að gera enn betur, endurskoða og byrja upp á nýtt þar sem það á við.

Góð samvinna, vinnugleði og jákvæðni er okkar lykill að góðri skólaframtíð en um leið byggjum við á reynslu í farteskinu sem er einnig mikilvæg. Enn og aftur færði reynslan okkur nýjar áskoranir í vetur þar sem sveigjanleiki, leit að góðum lausnum við breyttar aðstæður gaf okkur nýjan byr.

Við hlökkum til að takast á við nýtt skólaár, nýja nemendur og leggja enn fleiri mælistikur á gott skólastarf með hvatann til að gera enn betur.

Reykjavík, júní 2024

*Margrét Theodórsdóttir*

Skólastjóri





